

## AUGLÝSING

### um umferð í Fjallabyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum frá skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar, hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið:

1. Að banna bifreiðastöðu við austurhlið Lækjargötu, frá Aðalgötu að Eyrargötu, á Siglufirði.
2. Að banna bifreiðastöðu við austurhlið Norðurgötu á Siglufirði, nema í sérstaklega merktum bifreiðastæðum.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11 og viðeigandi undirmerki.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Fjallabyggð sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 23. janúar 2019.*

**Halla Bergþóra Björnsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2019